

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ í Hveragerði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum hefur ráðuneytið hinn 15. apríl staðfest uppdrátt að deiliskipulagi miðbæjar í Hveragerði, ásamt greinargerð er fylgir og endurskoðuð er í janúar 1991.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Hveragerðis og Skipulagsstjórn ríkisins.

*Umhverfissráðuneytið, 18. apríl 1991.*

F. h. r.  
**Páll Líndal.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu deiliskipulags stofnanareits á Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið hinn 15. apríl staðfest deiliskipulag stofnana- og íbúðarreita á Akranesi sem afmarkast af Kalmansbraut, Kirkjubraut, Merkigerði, Vesturgötu, Presthúsabraut og Vallholti.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur fengið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Akraness og Skipulagsstjórn ríkisins.

*Umhverfissráðuneytið, 18. apríl 1991.*

F. h. r.  
**Páll Líndal.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980–2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur Skipulagsstjórn ríkisins hinn 19. mars 1991, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness að því er snertir stofnana- og íbúðarreiti sem afmarkast af Kalmansbraut, Kirkjubraut, Merkigerði, Vesturgötu, Presthúsabraut og Vallholti.

*Umhverfissráðuneytið, 18. apríl 1991.*

F. h. r.  
**Páll Líndal.**